

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2023

2023/EES/75/11

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/740 frá 13. maí 2022 um að samþykkja ekki virka efnið 1,3-díklóróprópen í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (1).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/751 frá 16. maí 2022 um að samþykkja ekki virka efnið klórópíkrín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (2).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/800 frá 20. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum paraffínólíum CAS-nr. 64742-46-7, CAS-nr. 72623-86-0 og CAS-nr. 97862-82-3 (3).
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/801 frá 20. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til að uppfæra skrána yfir virk efni sem eru samþykkt eða teljast samþykkt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (4).
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/808 frá 23. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virka efnið bispýribak (5).
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/814 frá 20. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið heptamaloxýlóglúkan (6).
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32022 R 0800:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/800 frá 20. maí 2022 (Stjtið. ESB L 143, 23.5.2022, bls. 4),
- **32022 R 0801:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/801 frá 20. maí 2022 (Stjtið. ESB L 143, 23.5.2022, bls. 7),

(1) Stjtið. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 10.

(2) Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 11.

(3) Stjtið. ESB L 143, 23.5.2022, bls. 4.

(4) Stjtið. ESB L 143, 23.5.2022, bls. 7.

(5) Stjtið. ESB L 145, 24.5.2022, bls. 37.

(6) Stjtið. ESB L 146, 25.5.2022, bls. 6.

- **32022 R 0808:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/808 frá 23. maí 2022 (Stjtið. ESB L 145, 24.5.2022, bls. 37),
 - **32022 R 0814:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/814 frá 20. maí 2022 (Stjtið. ESB L 146, 25.5.2022, bls. 6).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/698):
- „13zzzzzzzzzzzo. **32022 R 0740:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/740 frá 13. maí 2022 um að samþykkja ekki virka efnið 1,3-díklóróprópen í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 10).
- 13zzzzzzzzzzzp. **32022 R 0751:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/751 frá 16. maí 2022 um að samþykkja ekki virka efnið klórópíkrin í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 11).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/740, (ESB) 2022/751, (ESB) 2022/800, (ESB) 2022/801, (ESB) 2022/808 og (ESB) 2022/814, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.